

Fréttabréf lyfjadeildar



Mikill sparnaður vegna breyttrar greiðslupáttöku í lyfjum

Lyfjakostnaður sjúkratrygginga vegna sýruhemjandi (PPI)- og blóðfitulækkandi lyfja hefur lækkað um 470 milljónir kr. frá mars til ágúst 2009*.


Greiðslupátttaka sjúkratrygginga breyttist 1. mars s.l. þannig að sjúkratryggingar taka þátt í ódýrustu lyfjunum í þessum tveimur lyfjaflokkum. Þau lyf sem víkja ekki í verði meira en 20% frá ódýrasta lyfinu eru með greiðslupáttöku. Mörkin voru víkkuð úr 20% í 50% fyrir blóðfitulækkandi lyfin 1. okt. s.l. Ef hagkvæmari lyfin reynast ófullnægjandi eða aukaverkanir koma fram við notkun þeirra getur læknir sótt um lyfjaskirteini (greiðslupáttöku) fyrir lyfjum sem ekki eru með greiðslupáttöku.

Lyfjakostnaður hefur lækkað um 295 milljónir kr. vegna PPI-lyfja og 175 milljónir kr. vegna blóðfitulækkandi lyfja þessa sex mánuði, frá mars-ágúst. Eins og fram kemur á myndum er þetta fyrst og fremst vegna breytinga á ávísunavenjum þar sem hagkvæmari lyf eru æ oftar valin. Þegar frá líður er líklegt að áhrif verðlækkunar (um rúmlega 60%) á einstaka lyfjum muni einnig vega þungt. Ætla má að þótt fræðsla og kynning til lækna um hagkvæmni í lyfjaávísunum hafi haft áhrif þá er þessi árangur fyrst og fremst vegna breytinga á reglugerð sem beinir læknum inn á hagkvæmara lyfjaval.


Áætlað er að lyfjakostnaður sjúkratrygginga lækki um 780 milljónir kr. á árinu 2009 vegna breytinganna á greiðslupáttöku PPI- og blóðfitulækkandi lyfja 1. mars s.l.

Í kjölfar fjölda funda með læknum nær allra heilsugæslustöðva höfuðborgarsvæðisins síðustu vikur er ljóst að hægt er að fullyrða að breytingar þessar hafa gengið mjög vel og frammar vonum.


Lyfjakostnaður sjúkratrygginga á ári*:




Lyfjakostnaður sjúkratrygginga vegna PPI- og blóðfitulækkandi lyfja frá jan. '08 – ág. '09*



Hlutfallsleg notkun (DDD) PPI-lyfja**:



Hlutfallsleg notkun (DDD) blóðfitulækkandi lyfja***:



* PPI- lyf: lyf í ATC flokki A02BC, prótónpumpuheimlar (ProtonPumpsInhibitors)
Blóðfitulækkandi lyf: lyf í ATC flokki C10, lyf til temprunar á blóðfitu

** Ómeprazol: Omeprazol Actavis, Losec MUPS, Losec, Lomex-T
Lanzoprazól: Lansoprazol Ranbaxy, Lanser, Lanzo, Lanzo Melt
Rabeprazól: Pariet
Esómeprazol: Nexium

*** Simvastatín: Simvastatin (Portfarma), Simvastatin Actavis, Sivacor, Zocor
Atorvastatín: Atacor, Zarator
Rósuvastatín: Crestor
Simvastatín og ezetimíd: Inegy